

23. apríl 2014
1404110

Nefndasvið Alþingis
nefnasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með skeytum dags. 3. og 9. apríl 2014 leitaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar (484. mál) annars vegar og um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána (485. mál) hins vegar. Með skeyti dags. þann 11. apríl samþykkti nefndarritari efnahags- og viðskiptanefndar að bankinn myndi veita umsögn um þessi tvö mál saman.

Fyrra málið snýr að því að heimila notkun séreignarlífeyrissparnaðar sem ella rynni inn í séreignarlífeyrissjóði til að lækka höfuðstól húsnæðislána eða til að mynda sérstakan húsnæðissparnað gegn skattfrelsi greiðslanna. Seinna málið snýr hins vegar að því að ríkissjóður greiði niður hluta fasteignaveðlána sem fjármagnaður verður með sérstökum skatti á starfandi fjármálafyrirtæki og fjármálafyrirtæki í slitameðferð.

Í Viðauka 2 í *Peningamálum* 2014/2 er ítarlega fjallað um möguleg efnahagsleg áhrif þessara aðgerða. Þar kemur fram að hreinn auður heimila muni aukast og ráðstöfunartekjur aukast. Bætt staða heimila muni auka við innlenda eftirspurn en talið er að hagvaxtaráhrif aðgerðanna séu tiltölulega takmörkuð enda muni eftirspurnin að talsverðu leyti beinast að innflutningi. Þjóðhagslegur sparnaður muni því minnka og viðskiptajöfnuður verða lakari. Auk þess mun aukinn innflutningur auka þrýsting á gengi krónunnar. Lægra gengi krónunnar en ella og aukinn framleiðsluspenna gera það síðan að verkum að verðbólguþrýstingur verði meiri en ef ekki hefði verið farið í þessar aðgerðir. Þessu aukni verðbólguþrýstingur mun að hluta til koma fram í hærri vöxtum Seðlabankans.

Í viðaukanum er ekki fjallað sérstaklega um áhrif aðgerðanna á fjármálakerfið og stöðu Íbúðalánasjóðs. Um það er fjallað í rammagrein V-II í *Fjármálastöðugleika* 2014/2. Þar kemur fram að auknar álögur á banka muni líklega leiða til aukins vaxtamunar, aðallega á kostnað fjármagnseigenda í gegnum lækkun innlánsvaxta. Hvatar til aukinnar

fyrirframgreiðslu íbúðalána geta einnig haft töluverð áhrif á Íbúðalánasjóð vegna lægri framtíðarvaxtatekna, þar sem fjármögnunarbréf sjóðsins eru óuppgreiðanleg. Einnig skapast aukið veðrymi við skuldalækkunina sem eykur uppgreiðsluáhættu sjóðsins enn frekar. Brýnt er að stjórnvöld fylgist vel með þessum áhættuþætti og grípi til viðeigandi ráðstafanna.

Óverulegar breytingar hafa verið gerðar á útfærslu aðgerðanna frá tillögum sérfræðingahóps stjórnvalda og því stendur mat bankans á efnahagslegum áhrifum aðgerðanna í meginatriðum. Þó virðist ljóst að áhrifum aðgerðanna seinkar lítillega frá því sem talið er í viðauka *Penningamála*. Að sama skapi gætu áhrifin á ráðstöfunartekjur orðið lítillega minni en áður var áætlað þar sem nú er gert ráð fyrir að húsnæðisskuldir sem færðar hafa verið á greiðslujöfnunarreikning verði greiddar niður fyrst. Áhrif þess eru þó óviss því ekki liggur fyrir hversu mikið hefur verið fellt niður af lánum sem eru í greiðslujöfnun með öðrum úrræðum. Á móti hugsanlega lítillega minni áhrifum á ráðstöfunartekjur en áður hafði verið áætlað vegur að ekki virðast lengur fyrirætlanir uppi um að draga úr möguleikum lántakenda til endurfjármögnunar á eldri lánum. Ekki liggur heldur fyrir hvort og þá til hvernig aðgerða stjórnvöld hyggjast grípa í því skyni að draga úr áhrifum á lánsfjáreftirspurn og einkaneyslu eða hvort grípa skuli til sérstakra aðgerða í ríkisfjármálum sem vegi á móti aukinni eftirspurn einkaaðila.

Hvorug greininga Seðlabankans tekur sjálfstæða afstöðu til mögulegra áhrifa þessara aðgerða á stöðu ríkissjóðs og er tekið mið af áætlunum fjármálaráðuneytisins hvað það varðar. Gert er ráð að bein lækkun höfuðstóls í gegnum ríkissjóð sé að fullu fjármögnuð með bankaskatti. Um þessa forsendu ríkir eins og kunnugt er óvissa. Það er ekki í verkahring Seðlabanka Íslands að leggja mat á hana enda á sviði skattaréttar. Hins vegar er skattalegt tap ríkissjóðs í framtíðinni vegna minni skattskyldrar úttektar á séreignarlífeyrissparnaði ófjármagnað.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur